

Þjónustugátt Fjármálaeftirlits Seðlabankans

Leiðbeiningar

September 2020



FJÁRMÁLAEFTIRLIT

Efnisyfirlit

1 Aðgangur eftirlitsskyldra aðila að þjónustugátt Fjármálaeftirlits Seðlabankans.....	3
1.1 Innskráning.....	3
1.2 Umboð.....	4
1.3 Mál aðila	5
2 Eyðublöð	6
3 Tilkynning um breytingu á stjórn og/eða framkvæmdastjóra	7
4 Svar við gagnabeiðni	8

1 Aðgangur eftirlitsskyldra aðila að þjónustugátt Fjármálaeftirlits Seðlabankans

Til að einstaklingur geti nýtt þjónustugáttina í umboði eftirlitsskylds aðila þarf að skilgreina aðgang hans fyrirfram. Eftirlitsskyldir aðilar þurfa að tilnefna fulltrúa sem ákvarðar heimildir starfsmanna til að senda gögn í gegnum þjónustugáttina.

Gefa þarf upp nafn og kennitölu fulltrúans vegna þess að hver og einn notandi fer inn á gáttina með sínum rafrænu skilríkjum.

1.1. Innskráning

Innskráning er á síðunni Þjónustuvefur <https://www.fme.is/thjonustuvefur/> á vef Fjármálaeftirlits Seðlabankans, www.fme.is



Smelltu á hnappinn Þjónustugátt

> Þjónustugátt

Innskráning í þjónustugáttina er með rafrænum skilríkjum.

Athugið að þjónustugáttin er einungis aðgengileg á Íslandi.

[Þjónustugátt](#)

Til að skrá sig inn þarf rafræn skilríki

Rafræn skilríki

Skilríki í síma:

Innskrá

Skilríki á korti:

Staðfesta

Mig vantar rafræn skilríki

Allir geta skráð sig í þjónustugáttina en til að senda inn gögn fyrir hönd fyrirtækis þarf að vera búð að veita umboð fyrir viðkomandi starfsmann. Við innskráningu ættu að birtast nafn þess einstaklings sem hefur skráð sig inn og nafn fyrirtækis hafi einstaklingurinn á annað borð umboðsréttindi í kerfinu. Til að senda inn gögn og fylla út eyðublöð fyrir hönd fyrirtækisins er smellt á nafn þess.



2.1. Umboð

Einungis þeir starfsmenn eða umboðsaðilar með stjórnendaréttindi í kerfinu hafa aðgang að umboðssíðunni. Ef gera á fleiri starfsmönnum kleift að vinna í þjónustugáttinni er undirsíðan „Umboð“ í fellilistanum efst í hægra horni valin.



Þegar síðan „Umboð“ hefur verið valin kemur upp stjórnborð þar sem hægt er að bæta við aðilum og taka út aðila. Einungis þeir aðilar sem eru með réttindin „Fyrirtæki stjórnandi“ geta bætt við og tekið út aðra starfsmenn.

Umboð

Hér geta umboðsmenn með stjórnendaaðgang fyrir skilaaðila viðhaldið umboðsmönnum og réttindum.

Nafn umboðanda

Kennitala	Nafn umboðsaðila	Réttindi	Aðgerðir
<input type="text"/>	Halla Einarsdóttir	Fyrirtæki stjórnandi	
<input type="text"/>		Veldu hlutverk	Bæta við

Vantar kennitölu

3.1. Mál aðila

Hægt er að fylgjast með stöðu mála á síðunni „Mál aðila“ en ekki er hægt að opna þau skjöl sem hafa verið send inn.

Eyðublóð Hjálp Halla Einarsdóttir

Mál aðila

Heiti	Aðili	Lýkur ...	Tilvisun	Staða	Stofnað af	Stofna...	Breytt af	Breytt ...	Aðgerðir
Breyting á stjórn og/eða framkvæmdastjóra				Drög	Sólveig Magnúsdóttir	14.08.2020		14.08.2020	

10 items per page 1 - 10 of 10 items

Til að skrá sig út úr þjónustugáttinni er farið í fellilista undir nafni notandans efst í hægra horni og valið „Skrá út“. Þá er notanda vísað á ytri vef Fjármálaeftirlits Seðlabankans.

Eyðublóð Hjálp Halla Einarsdóttir

Mál aðila

Fjármálaeftirlitið
 Mál aðila
 Umboð
 Upphafssiða
Skrá út

2 Eyðublöð

Eyðublöð Fjármálaeftirlits Seðlabankans sem liggja á ytri vef munu smátt og smátt færast yfir í þjónustugáttina og munu eftirlitsskyldir aðilar þá aðeins hafa aðgang að þeim eyðublöðum sem þá varðar.

Dæmi:

Hjá rekstrarfélögum sjóða birtast nú eftirfarandi möguleikar:

Eyðublöð

Hér eru listaðar tegundir rafræna tilkynninga sem aðilum ber að skila til Seðlabanka Íslands.

Rafræn eyðublöð

Gagnaskil

- Svar við gagnabeiðni

Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir

- Tilkynning um brot á fjárfestingarheimildum

Mat á hæfi

- Tilkynning um breytingu á stjórn og/eða framkvæmdastjóra

Hjá váttryggingafélögum eru hins vegar eftirfarandi möguleikar:

Eyðublöð

Hér eru listaðar tegundir rafræna tilkynninga sem aðilum ber að skila til Seðlabanka Íslands.

Rafræn eyðublöð

Gagnaskil

- Svar við gagnabeiðni

Váttryggingafélög

- Tilkynning um ábyrgðaraðila lykilstarfssviðs hjá váttryggingafélagi

Mat á hæfi

- Tilkynning um breytingu á stjórn og/eða framkvæmdastjóra

Þau eyðublöð sem ennþá eru á pdf, word eða excel formi og ekki aðgengileg í þjónustugáttinni eru aðgengileg á vef Fjármálaeftirlitsins á <https://www.fme.is/thjonustugatt/eydublod/>

Þegar eyðublað færast inn í þjónustugáttina verður það auðkennt með eftirfarandi hætti inn á eyðublaða síðunni:

Vátryggingafélög

- [Gáttísti vegna umsóknar vátryggingafélaga um heimild til endurgreiðslu eða innlausnar kjarnagjaldþolsliða](#)
- [Tilkynning um ábyrgðaraðila lykilstarfssviðs - þjónustugátt](#)

3 Tilkynning um breytingu á stjórn og/eða framkvæmdastjóra

Velja þarf „Tilkynning um breytingu á stjórn og/eða framkvæmdastjóra“ inn á síðunni „Eyðublöð“ í þjónustugáttinni. Þar þarf að skrá þá sem eru að setjast í stjórn eða þann sem er að taka við sem framkvæmdastjóri og afskrá þá sem eru að hætta. Ekki er hægt að sjá hvernig núverandi skráning á stjórn lítur út.

Mat á hæfi

- Tilkynning um breytingu á stjórn og/eða framkvæmdastjóra

Tilkynningin er fyllt út. Hnappurinn „Senda tilkynningu“ birtist þegar búið er að fylla út alla reiti í tilkynningunni.

Hér skal eftirlitsskyldur aðili veita upplýsingar um nafn þess framkvæmdastjóra/stjórnarmanns sem spurningalistinn lýtur að og um upphafsráðningar/kosningar/skipunar. Þegar ýtt er á hnappinn „Senda tilkynningu“ fær viðkomandi stjórnarmaður/framkvæmdastjóri tilkynningu um að skila þurfi inn upplýsingum vegna mats á hæfi.

1. a. Nafn þess eftirlitsskylda aðila sem spurningalistinn lýtur að

Fjármálaeftirlit

1. b. Skrá ráðningar/skipunar

Já Nei

Kennitala framkvæmdastjóra/stjórnarmanns

Staða

Framkvæmdastjóri Aðalmaður í stjórn Varamaður í stjórn

Dagsetning ráðningar/skipunar (dd.mm.áá)?

Netfang framkvæmdastjóra/stjórnarmanns

[Bæta við ráðningu/skipun](#)

f.c. Afskrá ráðningar/skipanir (ef á við)
 Já Nei

Kennitala framkvæmdastjóra/stjórnmanns
 Leifur Arason

Dagsetning afskráningar (dd.mm.árr?)
 01.07.2018

[Bæta við afskráningu](#)

[Sendu tilkynningu](#)

Þegar tilkynning hefur verið send inn stofnast eyðublaðið „Mat á hæfi“ fyrir þá einstaklinga sem eru að hefja störf. Stjórnarmenn og framkvæmdarstjórar fá þá sendan tölvupóst með upplýsingum um eyðublaðið.

4 Svar við gagnabeiðni

Þau gögn sem send hafa verið inn undir „Ýmis gögn“ í gagnaskilakerfi Fjármálaeftirlits Seðlabankans eiga nú að berast í gegnum þjónustugáttina. Undir eyðublöðum er komið „Svar við gagnabeiðni“.

Eyðublöð

Hér eru listaðar tegundir rafrænna tilkynninga sem aðilum ber að skila til Seðlabanka Íslands.

Rafræn eyðublöð

Gagnaskil

- Svar við gagnabeiðni

Nafn fyrirtækis kemur sjálfkrafa. Setja þarf heiti á gögnunum. Tilvísunarnúmer er vísun í það mál sem gögnin varða og vísað var í, í bréfi Fjármálaeftirlits Seðlabankans.

Dæmi:

Númer: 1/20
Dreifibréf til eftirlitsskyldra aðila

Reykjavík, 2.janúar 2020
Tilvísun: 2001001

Efni: Þjónustugátt Fjármálaeftirlitsins

Netfang er netfang tengiliðs málsins hjá Fjármálaeftirliti Seðlabankans. Athugið að viðhengi geta mest verið 15 talsins og hvert skjal getur ekki verið stærra en 200mb. Samtals getur því stærð gagnanna verið 3GB (15 x 200mb = 3000mb = 3GB).

Svar við gagnabeiðni


Svar við gagnabeiðni


1. Félag

a) Nafn

b) Kennitala

2. Lýsing

a) Heiti  

b) Tilvisun  

c) Netfang tengiliðar  